

Stjórnarfundur Fáks 11. september 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Kristrún Ágústsdóttir, Heiðrún Sigurðardóttir, Svaðar Magnússon, Leifur Arason og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Eftirfylgni – farið yfir stöðu mála frá síðasta fundi:

- Málefni 2 – Starfssemi fyrir fatlaða: Þórir er búinn að vera í sambandi við forsvarsmann starfseminnar og málið komið í ferli. Hjörtur mætti á fund hjá Harðarmönnum þar sem reiðnámskeið fyrir fólk með fötlun og samstarf hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu þar um var kynnt. Fákur lýsir yfir áhuga á samstarfi.
- Málefni 3 – Salir og veitingaþjónusta: Búið er að segja upp samningi við Sigvalda um rekstur veislusala og þjónustu, en verið er að athuga forsendur nýs samnings.
- Málefni 4 – Reiðskólar og hestaleigur: Fákur mun senda forsvarmönnum reiðskóla á Fákssvæðinu uppsögn á samningi þeirra um aðstöðu á Fákssvæðinu mánudaginn 18. september nk. í ábyrgðarpósti.
- Málefni 5 – Vinnuskúrar, gámar og önnur umgengni á lóðum á Fákssvæðinu: Ítrekun hefur verið send á Heilbrigðiseftirlitið.
- Málefni 6 – Vinnufundur stjórnar: Vinnufundur stjórnar verður miðvikudaginn 20. september og hefst kl. 16:00.
- Málefni 7 – Reiðhöllin: Leifur og Þórir munu hittast í vikunni og taka saman framkvæmdalista.

3. Styrkumsóknir hjá ÍBR

ÍBR hefur auglýst eftir styrkumsóknum úr Verkefnasjóði annars vegar og Afrekssjóði hins vegar. Umsóknafrestur fyrir styrkjum úr báðum sjóðum er 15. september. Stjórn Fáks hefur ákveðið að sækja um styrk í Verkefnasjóð fyrir verkefninu Fákar og fjör og munu Heiðrún og Þórir sjá um að útbúa umsóknina í samráði við Kareni og Sif. Ákveðið var að sækja ekki um styrk í Afrekssjóð í þetta skipti, en jafnframt var ákveðið að koma á fót afrekshópi barna/unglinga/ungmenna innan Fáks og sækja um styrk fyrir hópinn á komandi vori þegar opnað verður umsóknir á ný (15. mars).

4. Íslandsmet Konráðs Vals

Stjórn Fáks samþykkir að senda fyrirspurn til stjórnar LH vegna höfnunar á umsókn um skráningu á Íslandsmeti, en helstu rök fyrir höfnun voru vallar- og mótsaðstæður í Víðidal. Stjórn Fáks vill með þessu fá skýringar og fyrirbyggja að slíkt komi fyrir aftur á mótum hjá Fáki t.a.m. á LM2018.

5. Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd hefur lýst yfir áhuga á að hitta formann Fáks og framkvæmdastjóra til að fara yfir verkefni komandi tímabils. Boðað verður til fundar á næstu dögum.

6. Neðri Fákur – Sprengisandur

Rætt var um reiðveginn niður í neðri Fák. Stjórn Fáks mun halda áfram að mótmæla því að hann verði fjarlægður.


7. Facebook workplace

Rætt um Facebook workplace og kosti þess að hafa svo öflugt verkfæri til að auka upplýsingaflæði milli stjórnar og nefnda Fáks. Ákveðið að skoða þetta nánar.

8. Minningamót

Stjórn Fáks er einróma í því að Fákur eigi ekki að taka að sér að halda minningamót um einstaklinga. Hins vegar er áhugi fyrir því hjá stjórn að standa að haustmóti í framtíðinni, en vegna framkvæmda á Fákssvæðinu fyrir LM2018 verður því ekki komið við þetta árið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.



A handwritten signature in blue ink, likely from a pen. The name "Sigríður Þórssdóttir" is written in a cursive script. Below the signature, there is a shorter, less formal name "Hildur Þórssig.", also in blue ink.